

Nd.

572. Nefndarálit

[18. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að tryggja það, að samræmis gæti um afgreiðslu frv. milli deilda, var tveimur þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni.

Eftir að allsherjarnefnd efri deildar afgreiddi frv., bárust tvær umsóknir um ríkisborgararétt. Ein umsókn, sem ekki fylgdu tilskilin gögn, þegar allsherjarnefnd efri deildar hafði málið til afgreiðslu, var send allsherjarnefnd Nd. Þessir þrír umsækjendur fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Matthías Bjarnason,
form., frsm.

Jónas Pétursson.

Bragi Sigurjónsson,
fundaskr.

Jón Kjartansson.
Steingrímur Pálsson.

Pétur Sigurðsson.

Gísli Guðmundsson.